



# Bygðastofnun

## Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2540  
komudagur 26.5.2010

Dagsetning  
25.05.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, mál 91.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að *“Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði – 2. áfangi”* (mars 2010). Niðurstöðum faghópa út frá mismunandi forsendum hefur verið skilað til verkefnisstjórnar rammaáætlunar og er unnið að endanlegri röðun á hennar vegum. Rammaáætlun tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til hvaða starfsemi raforka verður notuð, heldur er litið svo á að það muni byggja á samningum milli orkuframleiðenda og orkukaupenda. Hvort það verða álframleiðendur eða einhverjir aðrir mun því koma í ljós í slíkri samningagerð og þá væntanlega ráðast af því hvaða kostir teljast hagkvæmastir og eru ásættanlegir út frá umhverfissjónarmiðum og áhrifum á aðra starfsemi í landinu.

Virðingarfyllst

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2619  
komudagur 1.6.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 28.05.2010  
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, þskj. 93 - 91. mál**

Að beiðni iðnaðarnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, þskj. 93 - 91. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi.

Með samþykkt raforkulaga nr. 65/2003 var raforkumarkaður á Íslandi gefinn frjáls og aðilum á raforkumarkaði heimilt að kaupa og selja rafmagn að uppfylltum viðeigandi almennum skilyrðum, svo sem skilyrðum samkeppnislaga og samningum um tengingu aflstöðva við flutnings- og dreifikerfið. Að uppfylltum slíkum skilyrðum er framleiðendum rafmagns heimilt að gera samninga við hverja þá kaupendur rafmagns sem þeir kjósa.

Vissulega er áhugavert að láta gera yfirlit yfir þær virkjanir sem líklega verða byggðar til að anna megi raforkusölu til álverksmiðju í Helguvík og stækkunar álverksmiðjunnar í Straumsvík. Tilgangur slíkrar samantektar er þó nokkuð óljós á frjálsum raforkumarkaði, vegna þess m.a. að þörf fyrir nýjar virkjanir byggist á mati raforkusalans á því hvernig markaðshlutdeild hans verður á frjálsum raforkumarkaði þegar ný orkusala hefst. Það er á endanum mat orkusalans hve mikið hann telur að þurfi að bæta við raforkuvinnsluna til að annast nýjan viðskiptavin, þegar orkusalinn hefur metið þörfina með tilliti til annarrar þróunar á markaðshlutdeild sinni.

Sem dæmi má nefna að hvað varðar þá afhendingu, sem líklegt er að Landsvirkjun annist í fyrrnefndum sölusamningum, þá mun Landsvirkjun afhenda rafmagn eins og hægt er til nýrra kaupenda út úr núverandi aflstöðvum sínum að viðbættu því rafmagni sem hún kaupir af öðrum framleiðendum. Líklegt er að markshlutdeild Landsvirkjunar á markaði fyrir heildsölurafmagn breytist, hugsanlega til lækkunar, þar til afhending hefst til álversins í Straumsvík. Slík breyting á sölu fyrirtækisins inn á núverandi markað hefur áhrif á þörf Landsvirkjunar til að byggja nýjar virkjanir. Sú virkjun sem líklegast er að verði byggð fyrir orkusölu til álversins í Straumsvík, ef á þarf að halda, er Búðarhálsvirkjun. Auk þess kann að vera að aukin orkusala umfram þá sem ætluð er til álversins í Straumsvík, muni á tímabilinu kalla á enn frekari virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar.

Landsvirkjun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson  
forstjóri

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Iðnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2635  
komudagur 1.6.2010



LANDVERND

25. maí 2010

**Tillaga til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, mál 91.**

Landvernd tekur undir það að stjórnvöld svari því hverjir eru virkjunarkostir fyrir fyrirhugaða álframleiðslu í Helgavík og Húsavík. Eins og margoft hefur verið bent á þá liggur ekki fyrir hvaðan orkan á að koma í þessar orkufreku framkvæmdir. Framleiðsla hvors álvers fyrir sig er áætluð um 360 þúsund tonn sem krefst orku frá nær öllu suðvesturlandi og stórum hluta norðurlands. Hvar á að virkja? Vandséð er hvernig hægt er að koma að nýjum virkjunum án verulegra umhverfisáhrifa, þ.e. ef miðað er við núverandi tækni, og á þetta ekki síst við ef virkja á háhitasvæði til frekari raforkuframleiðslu eins og nú eru uppi áform um.

Landvernd hefur um árabíl kallað eftir vandaðri vinnubrögðum í allri ákvörðunartöku um orkunýtingu á Íslandi, sér í lagi þegar um er að ræða virkjun orku til orkufreks iðnaðar. Það eru ekki vönduð vinnubrögð að gefa grænt ljós á byggingu stóriðjuvera þegar það liggur ekki fyrir hvaða orkuframkvæmdir eiga að knýja verin.

Það hlýtur því að vera krafa almennings í landinu að stjórnvöld svari því hvar eigi að virkja í næstu framtíð fyrir fyrirhugaða stóriðju. Eins og segir í ályktun aðalfundar Landverndar 2009 þá þarf að gæta fyrirhyggju og virða þarfir þjóðarinnar um ókomna tíð í nýtingu og virkjun orkuauðlinda landsins, einkum vatnsafls og jarðhita, í samræmi við hina viðurkenndu stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun.

Með vinsemd og virðingu,

Lárus Vilhjálmsson,  
framkvæmdastjóri Landverndar

Alþingi  
Erindi nr. ~~P~~ 138/2487  
komudagur 21.5.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. maí 2010  
2010050007/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.**

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nýlega gefið umsögn um 2. áfanga Rammaáætlunar en þar bendir stofnunin m.a. á ýmsa óvissuþætti í áætluninni sem varða náttúru- og umhverfismál. Einnig bendir stofnunin á að ef gera á raunhæfa áætlun um sjálfbæra orkunýtingu, ekki bara m.t.t. almennrar náttúruverndar, verður að móta orkunýtingarstefnu þar sem kemur fram hvað megi sjá af mikilli orku til ýmissa atvinnugeira samfélagsins s.s. til stórnotenda/stóriðju m.a. m.t.t. almennrar raforkunotkunar og umhverfismála til framtíðar (sjá m.a. einnig tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins, 520. mál). Náttúrufræðistofnun telur því eðlilegt að gerð sé grein fyrir hvaðan sé líklegt að sú orka komi sem ætluð er til álframleiðslu, sbr. framangreinda tillögu til þingsályktunar, og það sett í samhengi við verndarmál og almenna raforkunotkun.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson





Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. maí 2010  
Tilvísun: 2010050008  
Bréfalykill: 50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.**

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 4. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér framangreinda tillögu til þingsályktunar og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í umræddri tillögu til þingsályktunar er lagt til að iðnaðarráðherra láti Orkustofnun í samráði við Umhverfisstofnun taka saman yfirlit um þær virkjanir vatnsafls og jarðvarma sem ráðgert er að framleiði orku fyrir 360 þúsund tonna álverksmiðju í Helguvík, 360 þúsund tonna álverksmiðju á Bakka við Húsavík og 40 þúsund tonna stækkun álbræðslunnar í Straumsvík. Þá segir í greinargerð með tillögunni að nú þegar eru á teikniborðinu þrjár stórframkvæmdir í álverksmiðjum, samtals með 760 þúsund tonna ársframleiðslu. Um er að ræða 360 þúsund tonna álverksmiðju í Helguvík, álverksmiðju af sömu stærð á Bakka við Húsavík og 40 þúsund tonna viðbót við álbræðsluna í Straumsvík.

Þá segir reyndar í tillögunni að iðnaðarráðherra beri að leggja skýrslu um málið fyrir Alþingi eigi síðar en 15. desember 2009. Vekur Orkustofnun athygli á ágalla í tillögunni hvað varðar dagsetningu á skýrslugjöf iðnaðarráðherra.

Orkustofnun vekur athygli iðnaðarnefndar á að samkvæmt lokamálslið 3. gr. laga um heimild til samninga um álver í Helguvík, nr. 51/2009, segir að álver í Helguvík er hannað til framleiðslu á allt að 360.000 tonnum af áli á ári. Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 51/2009 segir m.a. eftirfarandi: „Áformað er að byggja álverið í fjórum 90.000 tonna áföngum og að ársframleiðsla þess verði allt að 360.000 tonn. Undirbúningsframkvæmdir við fyrsta áfanga álversins hófust árið 2008. Áætlanir miða að því að gangsetja 1. áfanga 2011 en áfangaskipting og byggingartími munu taka mið af orkuöflun fyrir álverið og öðrum aðstæðum.“ Af framangreindu má ráða að fyrirhugaðar framkvæmdir, sem og afkastageta álversins, eru að miklu leyti háðar orkuöflun hverju sinni. Í ljósi þessa fela framangreind lög nr. 51/2009 ekki í sér að umræddum framkvæmdum sé tryggð sú orka sem til þarf svo unnt sé að ná framleiðslu á allt að 360.000 tonnum af áli á ári.

Hvað varðar sérstaka úttekt á virkjunarkostum til álframleiðslu bendir Orkustofnun á að vinna við 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma stendur enn yfir og er þeirri

vinnu ætlað að ljúka á þessu ári. Er henni m.a. ætlað að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Sérstök áhersla er lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt er að því að leggja niðurstöðu rammaáætlunar fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu. Telur Orkustofnun að með 2. áfanga rammaáætlunar sé unnt að gera grein fyrir þeim helstu virkjunarkostum sem sátt sé um að nýta.

Þá vekur Orkustofnun einnig athygli á að iðnaðarráðherra hefur skipað sjö manna stýrihóp sem hefur það hlutverk að undirbúa og fjalla um efnistöð og framsetningu stefnumótunar á sviði orkumála. Samkvæmt skipunarbréfi ber stýrihópnum að ná m.a. heildarsýn yfir mögulegar orkulindir landsins, aðferðir og tækni við nýtingu þeirra, hugsanleg umhverfisáhrif og sjálfbærni nýtingarinnar ásamt rekstrarlegri og þjóðhagslegri hagkvæmni. Þá ber hópnum að fara sérstaklega yfir möguleika og hugsanlegar aðferðir stjórnvalda til þess að stjórna nýtingu orkunnar m.t.t. sjálfbærni, efnahagslegrar uppbyggingar og stöðugleika. Stýrihópurinn skal fjalla sérstaklega um möguleika á að nýta orkulindir og sérþekkingu okkar og reynslu á sviði orkumála til atvinnuuppbyggingar á næstu árum. Einnig skal stýrihópurinn gera tillögu að forgangsröðun á nýtingu orkunnar með hliðsjón af áherslum og markmiðum ríkisstjórnarinnar s.s. aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Að mati Orkustofnunar mun boðuð stefnumótun á sviði orkumála, ásamt vinnu 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, nýtast til að gera frekari grein fyrir mögulegum orkulindum landsins og nýtingu þeirra.

Orkustofnun bendir á að í mars 2003 voru raforkulög, nr. 65/2003, samþykkt á Alþingi sem taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi sem efla á atvinnulíf og byggð í landinu. Lögunum er í því skyni m.a. ætlað að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku. Sala á raforku er samkeppnisrekstur samkvæmt raforkulögum og geta notendur valið sér þann söluaðila sem þeir kjósa. Orkusölusamningar álvera og orkufyrirtækja eru þar af leiðandi samningar á samkeppnisvettvangi og um leið einkaréttarlegs eðlis. Er um að ræða breytingu frá því ástandi sem var við lýði fyrir gildistöku raforkulaga þar sem opinber aðili, þ.e. Landsvirkjun, hafði það hlutverk að virkja orku til stóriðju og almenna notkun og færa sér þannig í nyt hagkvæmni stærðarinnar. Stjórnvöld bera þar af leiðandi ekki lengur ábyrgð á að fyrirhuguðum stóriðjuframkvæmdum sé tryggð sú orka sem nauðsynleg er til slíks rekstrar enda, eins og áður sagði, einkaréttarlegs eðlis og á ábyrgð samningsaðila.

Það skal að lokum tekið fram að frá 1. ágúst 2008 fer Orkustofnun með leyfisveitingarvald ráðherra samkvæmt ákvæðum raforkulaga, þ.m.t. veitingu virkjunarleyfa. Orkustofnun telur því óheppilegt út frá hæfisreglum stjórnarsýsluréttar að stofnunin gefi umsagnir eða segi nákvæmlega til um aflgetu tiltekinna virkjunarkosta einstaka fyrirtækja áður en þeir koma til formlegrar afgreiðslu stofnunarinnar. Er því um að ræða álítaefni um stjórnarsýslulega aðkomu Orkustofnunar að þeirri úttekt sem óskað er eftir samkvæmt umræddri tillögu til þingsályktunar, þ.e. hvort leyfisveitandi kunni við slíka álitsgjöf, og af þeirri ástæðu einni, að vera vanhæfur til að taka ákvörðun síðar um leyfisveitingu. Þess ber að geta að nú þegar eru einstakir virkjunarkostir, sem koma til álíta vegna orkuöflunar til stóriðju, til umfjöllunar hjá Orkustofnun án þess að niðurstaða liggi fyrir um afgreiðslu þeirra.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni tillögunnar, að svo stöddu.

Virðingarfyllt

  
Lárus Ólafsson

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1921  
komudagur 5.5. 2010



## RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu.. Þskj. 93—91. mál.**

Rafiðnaðarsamband Íslands mælir með því að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Nú liggja niðurstöður úr vinnu iðnaðarráðuneytisins um virkjanamöguleika ekki fyrir (en þær niðurstöður ættu að svara þessu). Þær spurningar sem settar eru fram í tillögunni eru málefnalegar og í anda opinnar umræðu að svara þeim á þessu stigi og bíða ekki heildarniðurstöðu úr vinnu ráðuneytisins.

Greinargerðin og sérstaklega sá hluti hennar sem er eftir Sigmund Einarsson eru þannig úr garði gerð að nauðsynlegt er að fá tölfræðilegan og vísindalegan grunn fyrir umræðu um orkuöflun til þessara áforma í Helguvík, á Bakka og í Straumsvík, einnig til að hafa fast land undir fótum í umræðu um hvort þessari orku megi veita til starfsemi sem hefur í för með sér meiri verðmætasköpun á hverja orkueiningu, en felst í starfsemi álvera.

Reykjavík 5. maí. 2010

Virðingarfyllst  
Fh Rafiðnaðarsambands Íslands  
Guðmundur Gunnarsson





# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

*Alþingi  
Erindi nr. P 138/2460  
komudagur 19.5.2010*

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8 – 10,  150 REYKJAVÍK	19. maí 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 4. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.

Með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Ríkisendurskoðunar telur stofnunin ekki eðlilegt að hún taki sérstaka afstöðu til ofangreindrar tillögu.

DAGSETNING


TILVÍSUN

Alþingi, iðnaðarnefnd  
Kristín Einarsdóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍKReykjavík, 12. maí 2010 02-2010050177  
T-ums 37/10**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu - 91. mál, þskj. 93.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 4. maí 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu - 91. mál, þskj. 93.

Það er álit ríkisskattstjóra að efni tillögunnar falli utan við starfssvið embættisins og er af þeim sökum ekki ástæða til að gera athugasemd við efni þess.

Virðingarfyllst



Skúli Eggert Þorbjörnsson



Guðrún J. Jónsdóttir



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 138/2196**  
**komudagur 12.5.2010**

11. maí 2010  
SI-63145

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 4. maí 2010 óskaði Iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, þskj. 93 – 91. mál. Óskað var eftir umsögn bankans fyrir 24. maí 2010.

Umrætt efni er ekki á sérsviði Seðlabankans. Seðlabankinn gerir því ekki athugasemdir við efni þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson  
aðalhogfræðingur



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2166  
komudagur 11.5.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2010.

**Málefni:** *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu. Þingskjal 93 - 91. mál. Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.*

Tollstjóri hefur móttengið erindi Iðnaðarnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 4. maí sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu til þingsályktunar en efni hennar hefur ekki áhrif á starfsemi embættisins.

Virðingarfyllst,  
f.h. tollstjóra

Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 138/2640**  
**komudagur 2.6.2010**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík




**UMHVERFISSTOFNUN**


Reykjavík, 31. maí 2010  
UST20100500025/hb

**Tillaga til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál**

Með tölvubréfi, dags. 4. maí sl., sendi iðnaðarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, 91. mál., til umsagnar. Umhverfisstofnun gerir engar athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllt

  
Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri



Nefndasvið Alþingis

Varðandi þingskjal 93; 91. mál

Tillaga til þingsályktunar

Um úttekt á virkjanakostum fyrir álframleiðslu

Alþingi

Erindi nr. Þ 138/2502

komudagur 25.5.2010

### Umsögn Valorku ehf

Valorka ehf fagnar því að óskað er eftir þessari úttekt á virkjanakostum vegna tilkomu tiltekinna stórnotenda raforku. Mikilvægt er að öll umræða um meginatriði orkumála, þar með talið uppruni orku til stórnotenda, sé á opinberum vettvangi og uppi á borðum. Í þessum málaflokki hefur of lengi viðgengist leynd og skortur á upplýsingum gagnvart eigendum orkuauðlindanna; íslensku þjóðinni. Undirritaður hefur í blaðagrein bent á þörf þess að hugað verði að raunverulegri framtíðarstefnumótun í orkumálum. Enn hefur enginn svarað efnislega og málefnalega hinni merku úttekt sem Sigmundur Einarsson jarðfræðingur setti fram í grein sinni, sem er fylgiskjal þessarar þingsályktunartillögu.


Íslensk stjórnvöld þurfa að temja sér nýja hugsun varðandi stefnumótun í orkumálum. Hingað til hefur stefnan um of markast af hagsmunum orkuframleiðslufyrirtækja og miðast við að endalaust verði hægt að ganga að nýjum orkulindum án nægilegs tillits til annarra sjónarmiða, s.s. náttúruverndar eða hagsmuna ferðaþjónustu. Enn hafa stjórnvöld ekki mótað sér stefnu varðandi rannsóknir á stærstu orkulindum þjóðarinnar; sjávarorku.

Sjávarorka er án efa langstærsta orkulind Íslendinga, og sú orka sem síðari kynslóðir verða að byggja á. Þó engar mælingar liggi fyrir hér við land þessu til staðfestingar nægir að líta til nágrannalandanna. Sjávarfallaorka kringum Írland, sem er 70% af flatarmáli Íslands, hefur verið metin og mælist að heildarumfangi 230 TWh/a. Til samanburðar metur Orkustofnun heildarumfang vatns- og jarðhitaorku á Íslandi til samans vera 123 TWh/a. Hvorug talan segir til um þá orku sem hagkvæmt væri að nýta, en benda má á að ör þróun er í tækni til virkjunar sjávarfallastrauma og stutt í að hún verði samkeppnisfær.

Valorka ehf vinnur nú að þróun nýrrar tækni til virkjunar sjávarfallaorku, og hefur fengið einkaleyfi á henni. Þetta þróunarstarf gæti komið Íslendingum í fremstu röð í tækniþróun varðandi nýtingu þessara eftirsóttu auðlinda heims, og þannig lagt grunn að nýjum þætti útflutningstekna.

Að frumkvæði Valorku ehf hefur nú verið efnt til samstarfs þess fyrirtækis við Hafrannsóknastofnun og Verkís um stofnun Rannsóknamiðstöðvar sjávarorku; sjálfseignastofnun sem hefja mun starfsemi strax sumarið 2010. Óskað verður eftir aðkomu annarra aðila á þessu sviði. Nánast engar rannsóknir hafa farið fram á sjávarfallastraumum hér við land og mun RMS byrja á að bæta úr því, en einnig setja á fót opinn gagnagrunn um hvaðeina á þessu sviði. Valorka ehf hlaut 2,9 millj.kr á fjárlögum 2010 sem lagt er til grundvallar í rannsóknarstarfinu; Hafrannsóknastofnun fellir verkefnið að sínum verkefnum, en önnur vinna er að mestu sjálfboðavinna í byrjun. Beðið er viðbragða stjórnvalda.

Ásbrú 12. maí 2010

f.h. Valorku ehf  
  
Valdimar Össurason, frkvstj.

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2603  
komudagur 31.S. 2010



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. maí 2010

Tilvísun: 2010050017/90.12

SE/BH

Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 04.05.2010.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álfraðleiðslu, 91. mál.**

Með tölvupósti dags. 04.05.2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint erindi.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við þingsályktunina.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,  
vegamálastjóri.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/2597  
komudagur 28.5.2010



Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
b/t Kristínar Einarsdóttur  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu. (91. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að tekið verður saman yfirlit yfir þær virkjanir sem ráðgert er að framleiði orku vegna fyrirhugaðra álvera.*

Ofangreind tillaga gerir ráð fyrir að tekið verði saman yfirlit yfir þær virkjanir sem ætlað er að framleiða orku fyrir 360 þúsund tonna álverksmiðju í Helguvík, 360 þúsund tonna álverksmiðju á Bakka við Húsavík og 40 þúsund tonna stækkun álbræðslunnar í Straumsvík.

Sérfræðingar á sviði orkumála hafa ekki verið á eitt sáttir um hvort til staðar sé næg virkjanleg orka til að fullnægja orkupörf ofangreindra framkvæmda. Einnig hefur verið deilt um hvort fara eigi út í slíka stóriðju með meðfylgjandi orkupörf og þá ganga á orkubúskap framtíðarinnar.

Viðskiptaráð fylgir þeim sjónarmiðum að allir góðir kostir í hverri stöðu skuli skoðaðir en ekki skuli einblína á einn kosts umfram. Þrátt fyrir það má ekki koma í veg fyrir framkvæmdir á pólitískum forsendum og uppbyggingu án þess að allar hliðar málsins séu skoðaðar og allir kostir metnir.

Í sjálfu sér mælir ekkert sérstaklega á móti því að samantekt sem þessi sé gerð verður hins vegar að varpa þeirri spurningu fram hvort þessar upplýsingar liggi ekki þegar fyrir hjá Orkustofnun, enda hluti af hlutverki þeirra að afla og halda utan um slíkar upplýsingar. Iðnaðarnefnd ætti að geta kallað eftir upplýsingum frá Orkustofnun beint sé þessara upplýsinga þörf við umfjöllun mála fyrir nefndinni og ættu slíkar upplýsingar að vera skoðaðar þar út frá málefnalegum sjónarmiðum.

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands